



# Framkvæmda- fréttir 28. tbl. /08



*Gleðileg jól og farsælt komandi ár*

*Arnarnesvegur - Reykjanesbraut, mislæg gatnamót tekin í notkun 29. nóvember. Sjá bls. 4.*



**Hreinn Haraldsson**  
vegamálastjóri skrifar  
16. desember 2008

## Vegaframkvæmdir Staðan í desember

Eins og fram kom í 27. tbl. Framkvæmdafrétta frá 17. nóvember sl. er langt frá því að vegagerð hafi stöðvast þrátt fyrir efnahagsástandið, og í raun hefur umfang framkvæmda sjaldan verið meira en í dag.

Samið var um mörg ný stórverk á þessu ári og við þau verður unnið áfram á næsta ári og í sumum tilfellum einnig 2010.

Eins og búist var við mun hins vegar draga úr útboðum á nýjum verkum frá því sem miðað var við í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram 1. október sl. Þá var reiknað með rúmum 25 milljörðum króna í nýframkvæmdir. Í drögum að frumvarpi sem lagt hefur verið fram til 2. umræðu er þessi

upphæð lækkuð um 5,5 milljarða, í tæpa 20 milljarða. Reikna má með að 13-14 milljarðar af þessu séu skuldbundnir vegna þeirra verka sem þegar hafa verið sett í gang, þannig að 6-7 milljarðar króna ættu að geta runnið til nýrra verkefna á árinu 2009 verði þetta niðurstaða fjárlaganna. Þótt verðþróun og verðlagsforsendur komandi árs séu auðvitað nokkuð óvissar má fullyrða að fjármagn til nýframkvæmda í vegagerð hefur aldrei verið meira, að árinu 2008 undanskildu.

Almennur rekstur Vegagerðarinnar verður skorinn nokkuð niður frá frumvarpinu 1. október, en undir þann lið heyrir m.a. upplýsingaþjónusta, umferðareftirlit og öll almenn stjórnun innan stofnunarinnar. Þegar hefur verið ákveðið að mæta þessum niðurskurði með margvíslegum aðhaldsaðgerðum, svo sem minni ferða- og fundakostnaði, mikilli fækkun utanlandsferða, frestun tækja- og eignakaupa, húsnæðislagfæringa o.fl.

Fyrirhugaður er niðurskurður á þjónustu um tæp 10%, en undir þann lið fellur t.d. vetrarþjónusta (snjómokstur og hálkuvörn), yfirborðsmerkingar á slitlögum, vegmerkingar og vegbúnaður, heflun malarvega o.fl. Töluverður halli hefur verið á þessum lið undanfarin ár, einkum vegna vetrarþjón-

*framhald á bls. 2*

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar**  
**Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegag.is**

28. tbl. 16. árg. nr. 513 22. des. 2008

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

### framhald af forsíðu

ustu, þannig að sennilega verður erfitt að mæta þessum niðurskurði nema með einhverri skerðingu á þjónustu. Allra leiða verður leitað til hagræðingar og reynt að tryggja að þetta komi sem minnst niður á umferðaröryggi.

Þá er reiknað með 4% niðurskurði í styrkjum til ferja og sérleyfishafa, en Vegagerðin taldi að upphæðin sem var fyrir í fjárlagafrumvarpinu væri of lág til að unnt yrði að standa við allar skuldbindingar. Ekki er farið að ræða hvernig bregðast á við varðandi þennan lið.

Ekki er reiknað með niðurskurði í viðhaldi, sem er mjög jákvætt. Þar er oft um mannaflsfræk verkefni að ræða en auk viðhalds og endurbóta á mannvirkjum heyrja þar undir aðgerðir í umferðaröryggismálum, auk styrkinga og breikkana vega sem mikil þörf er á samfara mikilli aukningu þungaflutninga undanfarin ár.

Ekki er farið að ákveða neitt um þau viðbótarverkefni í nýframkvæmdum sem ráðist verður í á árinu 2009 ef fjárlög verða í takt við það sem boðað er í frumvarpinu sem lagt var fyrir 2. umræðu. Þó er ljóst að vegna atvinnuástandsins verður einkum horft til suðvesturhorns landsins, og þá einkum til mannaflsfrækra verkefna og smærri verka. Reiknað er með að tillögur um verkefni ársins verði lagðar fram í endurskoðaðri samgönguáætlun fyrir árið 2009, en samgönguráðherra stefnir að því að leggja hana fram í janúar. Þá verður reynt að halda sem mest áfram með hönnun og annan undirbúning þeirra verka sem áður hafa verið sett á samgönguáætlun, bæði til að hafa verk tilbúin til útboðs þegar rofa fer til í efnahagsmálum og til að viðhalda eins og kostur er atvinnu og þekkingu hjá ráðgjöfum og eigin starfsfólki.



### Héðinsfjarðargöng


Gröftur Héðinsfjarðarganga:	vika 46	vika 47	vika 48	vika 49	vika 50	Heild
Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar:	0 m	55 m	47 m	64 m	53 m	1.686 m
Frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar:	49 m	29 m	28 m	64 m	73 m	4.323 m
Samtals er búið að sprengja 9.649 m eða 91,3% af heildarlengd og eftir eru því alls 921 m.						

### Bolungarvíkurgöng

Gröftur Bolungarvíkurganga:	vika 46	vika 47	vika 48	vika 49	vika 50	Heild
Frá Hnífsdal:	54 m	60 m	56 m	55 m	70 m	606 m
Frá Bolungarvík:	67 m	55 m	67 m	51 m	34 m	816 m
Samtals er búið að sprengja 1.422 m eða 27,5% af heildarlengd.						

### Vefsíður

Á vefsíðu Vegagerðarinnar, [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is), er að finna upplýsingar um þessar framkvæmdir í hliðarvalmynd undir „framkvæmdir“.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 15. des. 2008. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.



## Fundur í framkvæmdastjórn CEDR haldinn á Hilton hóteli í Reykjavík


Þann 4. og 5. desember sl. var haldinn fundur í framkvæmdastjórn CEDR. Ísland var gestgjafi að þessu sinni og fundurinn haldinn á Hilton hóteli í Reykjavík. CEDR (Conference of European Directors of Roads) eru samtök vegamálastjóra og aðstoðarvegamálastjóra 26 Evrópuríkja.

Vegamálastjórnarnir sitja í svokölluðu stjórnarráði (Governing Board) en aðstoðarvegamálastjórnarnir í framkvæmdastjórn (Executive Board).

Auk þess starfa á vegum samtakanna margir hópar sérfræðinga að tilteknum verkefnum, sem ákveðin eru til fjögurra ára í senn. Samtökin hafa skrifstofu í París. Fundinn í Reykjavík sátu alls 33, þar með taldir starfsmenn CEDR og túlkar.

Auk Gunnars Gunnarssonar aðstoðarvegamálastjóra sátu fundinn Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs, og G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi. G. Pétur aðstoðaði við skipulagningu og framkvæmd fundarins en Kristín er formaður í vinnuhópi, sem hefur á sinni könnu fjögur verkefni. Var tveimur þeirra gerð skil á fundinum og sá Kristín um kynningu á öðru verkefninu (Road Pricing). Auk Kristínar eru Auður Þóra Árnadóttir og Baldur Grétarsson í verkefnahópum hjá CEDR af hálfu Íslands. Í upphafi fundarins kynnti Hreinn Haraldsson vegamálastjóri Vegagerðina fyrir fundarmönnum og stöðu mála á Íslandi.

*Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 09.12.2008*



Bolungarvíkurgöng 15. desember. Lengd frá Bolungarvík 816 m, frá Hnífsdal 606 m. Samtals 1.422 m eða 27,5% af heildarlengd.



Búið er að sprengja 1.686 m í Hédinsfirði og 4.323 m í Ólafsfirði. Samtals 9.649 m sem er 91,3 % af heildarlengd.



### Helstu magntölur verksins:

Í brú og öðrum steypum mannvirkjum:

Mótaflétir . . . . .	8000	m <sup>2</sup>
Steypustyrktarstál . . . . .	300.000	kg
Kaplar . . . . .	.55.000	kg
Steinsteypa . . . . .	3.100	m <sup>3</sup>
Stálvirki . . . . .	.22.000	kg

Í jarðvinnu:

Fyllingar og burðarlög . . . . .	150.000	m <sup>3</sup>
Regnvatnslagnir . . . . .	3.000	m
Tvöfalt malbik . . . . .	.15.000	m <sup>2</sup>
Kantsteinar . . . . .	4.500	m

### Aðalverktakar:

Suðurverk hf. jarðvinna:

Skrauta ehf. brúagerð

Verkefnisstjóri verktaka: Guðmundur Ólafsson,

Verkstjóri jarðvinnu: Erlingur Jónsson

Yfirbrúarsmiður: Björn Sigurðsson.

### Helstu undirverktakar:

Steypustöðin Mest hf., steinsteypa

Teknis ehf., stálvirki

Höfði ehf og Loftorka Reykjavík, malbik

Rafsetning ehf., rafmagn

Véltækni ehf., steypa kantsteins

### Hönnuðir og eftirlit:

Úti og inni ehf. - arkitektastofa

- útlit og frágangur mannvirkja

Landslag ehf. - landslagsarkitektar

- útlit og frágangur lands við mannvirki

Verkís verkfræðistofa - hönnunarstýring,  
hönnun brúa og vega, teikningar

Yfirborðsmerkingar: Vinnustofan Þverá ehf.

Eftirlit: Almenna verkfræðistofan hf.

Tengiliður Vegagerðarinnar: Einar M. Magnússon

*Frá opnun mismög gatnamótanna. Frá vinstri: Guðmundur Ólafsson -Suðurverk hf., Björn Sigurðsson -Skrauta ehf., Dofri Eysteinnsson -Suðurverk hf., Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Kristján L. Möller samgönguráðherra, Gunnar Birgisson bæjarstjóri í Kópavogi, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur Garðabæ.*

*Óformleg opnun gatnamótanna fór þannig fram að samgönguráðherra Kristján L. Möller leysti slaufu á borða með aðstoð Hreins Haraldssonar vegamálastjóra.*

## Ný mismög gatnamót Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar

Laugardaginn 29. nóvember voru opnuð ný mismög gatnamót á mótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar. Verktakar eru Suðurverk hf. og Skrauta ehf. Byrjað var á verkinu í febrúar 2008 og gatnamótin voru opnuð fyrir umferð u.þ.b. 6 mánuðum á undan áætlun. Ýmiskonar frágangsvinnu á þó eftir að vinna og eru endanleg verklok í júlí 2009.

Verkið felst í gerð mismög gatnamóta á mótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar með gerð hringtorgs yfir Reykjanesbraut. Einnig eru gerð undirgöng fyrir gangnadi umferð undir Arnarnesveg vestan gatnamóta ásamt tilheyrandi vegagerð, stígagerð og landmótun.

Tilboð í verkið voru opnuð 18. desember 2007, verksamningur var undirritaður 25. janúar 2008 og verk hófst 6. febrúar 2008. Uppsteypa brúarmannvirkis hófst 4. apríl 2008. Verklök samkvæmt samningi eru 10. júlí 2009 en gert var samkomulag við Vegagerðina um að skila verkinu tilbúnu til umferðar mun fyrir og er opnun brúar og annarra umferðarmannvirkja langt á undan áætlun.

Að framkvæmdinni stendur Vegagerðin í samvinnu við Kópavogsbæ og Garðabæ og var hönnun verksins unnin undir verkefnisstjórn Vegagerðarinnar.

*Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 01.12.2008*

## Fundur yfirstjórnar NVF í Reykjavík

Yfirstjórn Norræna vegasambandsins (NVF) hélt stjórnarfund sinn á Íslandi í lok nóvember en Ísland er leiðandi land í starfi samtakanna árin 2008-2012. Við þetta tækifæri var Jón Rögnvaldsson fyrrverandi vegamálastjóri gerður að heiðursfélaga NVF.

Í yfirstjórn NVF sitja formenn, varaformenn og ritara landsstjórna NVF. Formennirnir eru vegamálastjórar landanna og varaformenn eru oftast fulltrúar fyrirtækja úr einkageiranum. Hreinn Haraldsson vegamálastjóri stýrði þessum fundi en auk hans sátu fundinn frá Íslandi þeir Ólafur Bjarnason frá Reykjavíkurborg, varaformaður íslensku stjórnarinnar, Þórir Ingason, ritari íslensku stjórnarinnar og aðalritari NVF og G. Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.

Innan NVF er hafinn undirbúningur vegna ráðstefnu sambandsins árið 2012 en hún verður í fyrsta sinn haldin hér á Íslandi. Ráðstefnan er haldin á fjögurra ára fresti og þykir mikill viðburður. Búast má við að 1.200 - 1.500 manns sækji ráðstefnuna. Miðað er við að hún verði haldin í nýja Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík.

*Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 15.12.2008*



*Hreinn Haraldsson og Þórir Ingason.*



*Jón Rögnvaldsson fyrrverandi vegamálastjóri (til vinstri á mynd) hefur verið kjörinn heiðursfélagi Norræna vegasambandsins og fékk hann afhent skjal þess efnis á fundi yfirstjórnar sambandsins í Reykjavík í lok nóvember. Jón er fimmti Íslendingurinn sem hlýtur þennan heiður, hinir eru Helgi Hallgrímsson (2003) (til hægri á mynd), Snæbjörn Jónasson (1992), Gústaf E. Pálsson (1973) og Geir Zoëga (1958). Þrír Íslendingar hafa svo fengið heiðursverðlaun samtakanna, Svaninn. Þeir eru: Rögnvaldur Jónsson (2007), Stefán Hermannsson (2004) og Ingi Ú Magnússon (1995).*



*Yfirstjórn Norræna vegasambandsins (NVF) á fundi í Reykjavík í lok nóvember.*




## Nýr verktaki í vetrarþjónustu á Suðvestursvæði

Nýr verktaki hefur tekið við snjómokstri og hálkuvörnum á Suðvestursvæði til næstu fimm ára. Vegagerðarmenn í þjónustustöðinni í Hafnarfirði tóku á móti hópnum í nóvember og lögðu þeim línurnar.

GT verktakar buðu í og fengur snjómokstur, hálkuvörn og eftirlit á svæðinu sem telur umferðamestu vegi landsins. Verktakinn sinnir meðal annars Reykjanesbrautinni, Suð-

urlandsvegi að Litlu kaffistofunni, Vesturlandsvegi að Hvalfjarðargöngum og stofnbrautum á höfuðborgarsvæðinu, t.d. Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Hafnarfjarðarvegi. Þetta eru umferðarmestu vegir vegakerfisins og í hæsta þjónustuflokki og því skiptir miklu máli að vel að verki sé staðið.

*Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 24.11.2008*



Nýlega var lokið við að breikka veginn við nokkur vegamót á Suðurlandsvegi á milli Selfoss og Hveragerðis. Alls eru þetta tíu vasar á nýu vegamótum. Þetta gerir öikumönnum kleift að aka framhjá ökutæki sem er að beygja af Suðurlandsvegi inná hliðarvegi. Þessi mörgu vegamót á þessum kafla Hringvegarins hafa skapað mikla hættu og er þetta liður í auknu umferðaröryggi, biðleikur þar til vegurinn allur verður breikkaður og akstursstefnur aðskildar. Á sama tíma voru fræstar vegriðflur á miðju vegarins sem einnig eykur umferðaröryggi. Vegriðflurnar vara öikumenn við ef þeir eru að fara inná rangan vegarhelming.

*Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 18.11.2008*



GT verktafar verða með 11 mokstursbíla og 2 eftirlitsbíla í vetrarþjónustu á Suðvestursvæði. Þeir hafa keypt 12 nýjar snjótennur, tvo kastplóga og 10 saltkassa.

## „Reykjavík síðdegis“ fékk Umferðarljósið

Á Umferðarþingi sem haldið var á Grand hótél í nóvember var aðstandendum útvarpsþáttarins „Reykjavík síðdegis“ veitt Umferðarljósið en það er sérstök viðurkenning sem Umferðarráð veitir þeim sem unnið hafa sérstaklega árangursríkt og eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála. Megin tilgangur verðlaunanna er að hvetja til góðra og þýðingarmikilla starfa sem stuðla að betri og öruggari umferð.

Í umsögn Umferðarráðs segir að íslenskir fjölmiðlar hafi almennt séð gegnt þessu hlutverki vel, sérstaklega á undanförunum misserum. Að öðrum ólöstuðum hafi dagskrárgerðarmenn þáttarins „Reykjavík síðdegis“, þeir Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason, Bragi Guðmundsson og áður Ásgeir Páll Ágústsson verið fundvísir á áhugaverð málefni í sambandi við umferð og umferðaröryggi. Þeir hafi ekki hikað við að leita til þeirra sem þekkingu hafa á einstökum sviðum þegar umferðarmál eru til umræðu og að öll umfjöllun þeirra hafi verið í anda þess að gera umferðina örugga fyrir alla vegfarendur.

*Samgönguráðherra, Kristján L. Möller, t.h. afhendir Umferðarljósið 2008. Þorgeir Ástvaldsson t.v. tekur á móti viðurkenningunni fyrir hönd dagskrárgerðarmanna í „Reykjavík síðdegis“.*



## Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrk til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1% af mörkuðu tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar ([www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur.“

### Bikþeyta til klæðinga, lokaskýrsla

Verkefnið hófst árið 2002 með útlögn tilraunakafla og einnig voru lagðir út fleiri tilraunakaflar síðar. Markmið verkefnisins var að staðfæra reynslu annarra þjóða af notkun bikþeytu til klæðinga, en bikþeyta gæti komið í stað þunnbiks í klæðingar. Þunnbik inniheldur lífræn leysiefni (white-spirit), sem eru óæskileg fyrir umhverfið. Árangur tilraunanna var misgóður og síðla árs 2007 tók verkefnishópurinn ákvörðun um að hætta frekari tilraunum með bikþeytu og ljúka verkefninu. Ástæðan var m.a. sú að tilraunir Vegagerðarinnar með að nota s.k. repjubik í klæðingar lofuðu góðum árangri, en þar er jurtaolíu blandað í bikið í stað white-spirit. Í lokaskýrslu um verkefnið er m.a. gerð grein fyrir þeim tilraunaköflum sem lagðir voru út og niðurstöðum úttekta á þeim.

### Rannsóknaverkefni um greiningu þungaálags á vegakerfið og álagningu notendagjalds (þungaskatts) – áfangaskýrsla

Markmið verkefnisins er að geta á sjálfvirkan hátt safnað gögnum um akstursvegalengdir fyrir álagningu þungaskatts, þungaálag og niðurbrotsáhrifum umferðar svo og við stýringu á þungatakmörkunum á þíðutímabilum. Hugmyndin er að sameina akstursmælingar og þungaálagsreikninga. Gert er ráð fyrir að úrvinnsla ferilgagna fari fram í ökutækinu sjálfu og einungis niðurstöðugögn séu send til þar til bærra aðila, s.s. álagningagrunnur til Skattstjóra og ópersónugreinanlegt þungaálag í formi öxulígilda á vegi til Vegagerðarinnar. Í skýrslunni er greint frá fyrirhugaðri smíði tækis á árinu 2008 til prófunar á grundvelli hugmyndanna.

### Uppgræðsla vegfláa með innlendum úthagategundum 2007 – framvinduskýrsla 3

Þetta verkefni er til langs tíma og eru gerðar tilraunir með ýmsar innlendar úthagategundir til að græða upp vegfláa. Tilgangurinn er að vegfláar skeri sig ekki úr umhverfi vegna þess að í honum eru ekki sömu tegundir og utan hans. Auk þess vaxa margar innlendar úthagategundir vel án áburðar og ekki er eins mikil þörf á að slá þær, til að minnka snjósöfnum að vetri, þar sem þær falla að hausti. Í skýrslunni er greint frá því að megináhersla sumarið 2007 hafi verið á að leggja út tilraun til að mæla fræfórða jarðvegs, m.a. við væntanlegan Suðurstrandarveg.

### Athugun á umferðarslysum þar sem ekið hefur verið á ljósastaura

Safnað var saman upplýsingum um slys þar sem ekið var á ljósastaura á þjóðvegum í dreifbýli árin 2002-2006. Sjónum var sérstaklega beint að Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar

og Keflavíkur. Á tímabilinu urðu 58 slys af 130 ljósastauraslysum á landinu, á umræddum vegakafla. Hærra hlutfall ljósastauraslysa á Reykjanesbraut voru með meiðslum, borið saman við önnur slys á Reykjanesbraut og í dreifbýli á landinu öllu. Í ljósastauraslysum á Reykjanesbraut brotnuðu staurar í tæplega helmingi tilvika. Lítil munur var á afleiðingum slysa hvort sem staurar brotnuðu eða ekki. Skýrsluhöfundur telur að út frá þessum athugunum sé ekki hægt að gefa einhlítt svar við spurningunni hvort brotstaurar virki sem skyldi.

### Notkun á lengdarflokku umferðargreina til að áætla hlutfall þungra bíla af heildarumferð

Markmið verkefnisins var að kanna hvort nota megi lengdarmælingu sjálfvirkra umferðargreina til að meta hlutfall þungra ökutækja af heildarumferð, en slíkar upplýsingar eru mikilvægar vegna gerðar ýmissa áætlana. Með því að bera saman sjónræna flokkun ökutækja á vettvangi við fjóra umferðargreina voru gerðar leiðréttingareglur, einkum m.t.t. flokka sem valda algengustu óvissugildum. Niðurstöður eru þær að unnt er að ákveða hlutfall þungaumferðar með nægilegu öryggi út frá lengdarflokkuinn, en einnig er nefnt að mögulegt sé að bæta leiðréttinguna enn frekar með því að nýta fleiri gögn sem skráð eru í umferðargreina.

### Saltblöndun malarslitlaga – lokaskýrsla

Sé malarslitlagi dreift með sérstökum dreifara, er hætta á að hluti fínefnisins rjúki úr við dreifinguna. Því var gerð tilraun til að blanda salti við efnið í námu til að koma í veg fyrir þetta og einnig að rykbinda slitlagið „fyrirfram“. Niðurstaða verkefnisins er að talsverður ávinningur er af því að forblanda malarslitlag við framleiðslu og talið að miðað við „eftirá“ rykbindingu sé beinn fjárhagslegur ávinningur af þessu ef notuð eru þrjú tonn eða meira af salti á km.

### Nýting svarðlags við uppgræðslu námusvæða – áfangaskýrsla 2007

Markmiðið með verkefninu er að athuga hvort útjöfnun svarðlags yfir raskað svæði reynist betur, til að ná upp náttúrulegum gróðri, en útjöfnun jarðvegs þar sem svarðlagi hefur ekki verið haldið sérstaklega til haga. Í skýrslunni er greint frá framkvæmd tilrauna. Gert er ráð fyrir að skoða gróðurframvinduna á tilraunareitum árið 2010 og þá munu a.m.k. fyrstu niðurstöður liggja fyrir.

### Notkun margmiðlunar í hugbúnaðarlausnum Vegagerðarinnar

Í verkefninu var skoðað hvaða lausnir kæmu helst til greina fyrir Vegagerðina, varðandi notkun margmiðlunar í hugbúnaðarlausnum. Er þetta einkum skoðað m.t.t. þess þegar birta þarf gögn í myndritum og kortum. Ákveðnar tillögur eru lagðar fram og talið að það sé ekki spurning hvort, heldur hvenær lausnirnar verði teknar í notkun.

### Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði – áfangaskýrsla 3 – Botndýr

Í tengslum við þveranir Dýrafjarðar og Önundarfjarðar, hafa verið gerðar ýmsar náttúrufræðilegar rannsóknir og áður eru



komnar út skýrslur um fugla og fjörur. Í þessari skýrslu er greint frá rannsóknum á botndýrum í Dýrafirði. Tilgangur rannsókna var að athuga hvort breytingar hafi orðið á botndýralífi í Dýrafirði eftir þverun. Rannsóknin bendir ekki til þess að tegundafjöldi botndýra innan brúar í Dýrafirði hafi minnkað í kjölfar þverunarinnar.

### Frágangur og hönnun skeringa

Kröfur um gott útlit vega og aðlögun þeirra að landi verða sífellt meiri. Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um almennar forsendur þess hvernig skeringar meðfram vegum eru hannaðar. Skeringar eru oft sá hluti vegafraamkvæmdar sem falla hvað verst að landi. Því er mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á hönnun þeirra. Í skýrslunni eru sett fram helstu atriði sem hafa þarf í huga við hönnun skeringa m.t.t. þess að fella þær sem best að landinu.

### Notkun Oracel Spatial hjá Vegagerðinni

Til stóð að geyma landupplýsingar Vegagerðarinnar í Oracle gagnagrunni á svokölluðu „Spatial“ formi. Því var farið af stað með verkefni til að skoða þessi mál. Síðar urðu breytingar og ákveðið að nota annan hugbúnað. Í skýrslunni er greint frá þeim athugunum sem gerðar voru og segja má að verkefið hafi leitt til þess að þekking innan Vegagerðarinnar á landupplýsingum hafi aukist nokkuð.

### Tourists visiting Þórs mörk lack knowledge and awareness of Katla and jökulhlaup hazard

Á sögulegum tíma hafa Kötluhlaup einungis komið úr Kötlujökli og Sólheimajökli, en ekkert úr Etnujökli. Rannsóknir hafa þó sýnt að a.m.k. 10 flóð hafa komið úr Etnujökli áður en land byggðist. Slík flóð koma niður í Þórs mörk. Sumarið 2007 voru ferðamenn í Þórs mörk spurðir út úr, til að kanna hversu upplýstir þeir væru um þessa hættu. Niðurstaðan var sú að þeir voru það ekki og skipti ekki máli hvort þeir kæmu frá útlöndum eða væru íslenskir. Í framhaldi af þessu átti að setja upp varnaðarskilti við göngustíga í Þórs mörk og jafnframt að gefa út bækling með upplýsingum um hættuna. (Skýrslan er rituð á ensku).

### Vulnerability and risk analysis of the road infrastructure in Reykjavík. (Áhættu- og áfallapólsgreining vegakerfisins í Reykjavík)

Markmið verkefnisins var að gera áhættu- og áfallapólsgreiningu fyrir vegakerfið í Reykjavík. Beitt var ákveðnum aðferðum þar sem innri og ytri áhættuþættir fyrir vegakerfið eru greindir. Dæmi um ytri áhættuþætti eru veðurfarslegir, t.d. snjósturmur. Dæmi um innri áhættuþætti eru t.d. umferðarslys. Með þessari greiningu má finna krítíska staði í vegakerfinu hvað þetta varðar. Niðurstöður voru að það eru ýmsar hættur sem geta haft neikvæð áhrif á vegakerfið á Höfuðborgarsvæðinu, sem geta leitt til lokunar vega allt frá nokkrum mínútum upp í nokkra mánuði í verstu tilvikum. (Skýrslan er rituð á ensku).

## Verarþjónusta á Austurlandi



Ríkharð Einarsson verkstæðisformaður hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði sendi þessar myndir. Á Austursvæði um Oddskarð til Reyðarfjarðar var verið að taka í notkun nýjan bíl í snjómokstri, eigandi er Haki ehf. Sveinn Einarsson Neskaupstað. Bifreiðin sem er af gerðini M. Bens fjöggra driföxla með 660 hö vél sem er sú aflmesta sem notuð er í vetrarþjónustu á landinu í dag. Búnaður sem hún ber er framtönn, undirtönn, sand og salt dreifari með ferilvöktunarbúnaði og 2000 l þækiltönkum.



Á Vopnafirði var verið að taka í notkun á Vopnafirði nýjan MAN vörubíl, þriggja öxla með 480 hö vél, eigandi er Eyjólfur Sigurðsson Vopnafirði. Þessi bíll er notaður á Vopnafjarðarheiði norður á Biskubsháls. Hann með framtönn, dreifara, ferilvöktun og 2000 l af þækli.

## Verk í vinnslu

Samningsverk í vetrarþjónustu, ferjurekstri og almenningssamgöngum eru ekki á þessum lista.

[Texti miðast við viku 50](#)

### Samið: Verklok:

08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010  
*Vegmerking ehf.* 11.03.08 01.09.10

### Suðursvæði

### Samið: Verklok:

07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur  
*KNH ehf.* 19.09.08 15.09.11  
[Verk er hafið. Unnið í námum og vegagerð við námur](#)

08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit  
*Almenna verkfræðistofan hf.* 09.09.08 15.09.11

08-074 Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur  
*Heflun ehf.* 11.07.08 15.09.08  
[Neðra burðarlag er gróðfarnað. Framkvæmdum hætt í vetur](#)

08-078 Heiðarbraut (3357) og Gnúpverjavegur (325)  
*Mjólnir vörubílstjórafélag* 29.07.08 15.09.08  
[Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur](#)

08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfjótuvatn  
*Sigurjón Hjartarson* 12.08.08 20.09.08  
[Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur](#)

07-030 Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Skipholt - Foss  
*Borgarvirki ehf.* 07.11.07 15.06.09  
[Búið er að leggja klæðingu á 3,6 km af 5,3 km. Meira verður ekki gert í klæðingu í vetur. Efnisvinnsla að mestu lokið.](#)

07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Pingvallavegur - Laugarvatnsvegur  
*Klæðning ehf.* 04.07.08 15.10.10  
[Unnið við fyllingar og skeringar. Búið að fylla undir neðra burðarlag á um 2,5 km af Lyngdalsheiðarvegi og 1,5 km tengiveg.](#)

08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit  
*VSÓ - ráðgjöf ehf.* 23.06.08 15.10.10

08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð  
*Suðurverk hf.* 14.08.08 01.07.10  
[Unnið við fyllingar og skeringar. Búið að keyra fyllingu í veginn langleiðina frá Hringvegi niður að Álabrú. Byrjað verður á brú eftir áramót.](#)

08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit  
*Strendingur ehf.* 02.09.08 01.09.10

08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008  
*Fossvélar ehf.* 13.06.08 31.12.08

08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2008-2009  
*Ræktunarsamband Flóa og Skeiða* 12.06.08 01.09.09

08-080 Hlíðarendavegur í Ölfusi (380)  
*Háfell ehf.* 14.08.08 01.07.09  
[Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur](#)

### Suðvestursvæði

### Samið: Verklok:

08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit  
*Línuhönnun hf.* 23.06.08 10.07.09

08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg  
*Ris ehf. Glaumur verktakafélag ehf.* 08.05.08 10.07.09

07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit  
*Almenna verkfræðistofan hf.* 11.02.08 10.07.09

07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg  
*Suðurverk hf.* 25.01.08 10.07.09  
[Gatnamótin voru opnuð fyrir umferð 29. nóvember](#)

08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð  
*Ístak hf.* 02.05.08 01.06.09  
[Kafliinn var opnaður fyrir umferð 19. október](#)

07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit  
*VSÓ ráðgjöf ehf.* 12.07.07 15.07.08

08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur, hönnun  
*Verkfræðistofan Hnit hf.* 04.07.08 22.12.08

08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010  
*Hrafn Magnússon* 26.05.08 01.09.10

08-070 Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafravatnsvegur, hönnun  
*VSÓ ráðgjöf ehf.* 02.07.08 21.11.08

### Norðvestursvæði

### Samið: Verklok:

08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús  
*KNH ehf.* 23.07.08 15.09.09  
[Unnið í skeringum og fyllingum á háheiðinni. Skeringar og fyllingar komnar að mestu st. 26.700 - 30.000 og talsvert unnið í fláaflegum.](#)

07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakkí - Hringvegur  
*Guðmundur Vilhelmsson* 19.10.07 15.07.08  
[Verki lokið.](#)

06-048 Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri  
*KNH ehf.* 08.12.06 01.11.08  
[Verki lokið.](#)

06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll  
*Stafnafell ehf.* 26.01.06 15.07.09  
[Eftir að yfirleggja klæðingu 5,6 km.](#)

06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná  
*KNH ehf. og Vestfirskir verktakar ehf.* 25.01.07 01.11.08  
[Unnið í aukaverkum. Ætti að ljúka í viku 50 og verk því að fara í vetrardvala.](#)

06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur  
*Ingileifur Jónsson ehf.* 20.04.07 01.09.09  
[Unnið nú frá st. 18.700 til 25.000, skeringar og fyllingar og neðra burðarlag, einnig ræsi. Unnið í bergskeringum við st. 24.700 - 24.900 í Steingrímsfirði.](#)

07-006 Djúpvegur (61), Eyri - Svansvík  
*KNH ehf.* 05.05.07 01.11.08  
[Verki nánast lokið. Smávægilegur frágangur og aukaverk eftir.](#)

Norðvestursvæði, framhald	Samið:	Verklok:
07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg <i>Fjörður ehf.</i> Framkvæmdir liggja niðri til vors 2009	02.09.08	15.07.09
07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur <i>KNH ehf.</i> Verklukum frestað fram á næsta sumar.	30.11.07	01.07.09
07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef <i>KNH ehf.</i> Unnið í vegamótum við Bifröst. Mölun lokið. Verk fer líklega í vetrardvala fljótlega.	08.06.07	01.10.09
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn <i>Skagfirskir verktakar</i> Verki að mestu lokið nema eftir að klæða seinna lag á báða enda sem framkvæmt verður næsta vor.	12.12.07	01.11.08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland <i>Sigurjón Hjartarson</i> Byrjað að vinna í girðingum og í fyllingum á sigsvæðum.	13.10.08	01.08.09
08-072 Örnólfsdalsá hengibrú, stálmíði <i>Gísli Þorgeir Einarsson</i>	25.07.08	21.11.08
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur <i>Borgarverk ehf.</i> Unnið í reiðvegi.	02.04.08	15.09.08
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit <i>Línuhönnun hf., Geotek</i>	08.04.08	15.07.10
07-062 Óshlíðargöng <i>Íslenskir aðalverktakar, Marti Contractors</i> Unnið við jarðgangagröft, við yfirbyggingu brúar á Ósá og í grjótvörn í Hnífsdal..	08.04.08	15.07.10
07-086 Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgrata <i>Skagfirskir verktakar</i>	03.06.08	15.07.09
08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 <i>Borgarverk ehf.</i>	22.04.08	01.09.09
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá <i>Jóhann Á. Guðlaugsson ehf.</i> Verk að klárast.	18.06.08	01.10.08
Norðaustursvæði	Samið:	Verklok:
08-069 Norðausturvegur (85), Fremri-Háls - Sævarland <i>Héraðsverk ehf.</i> Verið að keyra neðra burðarlagi yfir ræsið á Víðinesá. Að öðru leiti er fylling og neðra burðarlag komið á allan kaflann. Verktakinn reiknar með að fresta framkvæmdum þegar hann hefur lokið við fyllinguna yfir Víðinesá.	13.06.08	15.07.09
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið <i>Héraðsverk ehf.</i> Unnið í fyllingum og fláaflegum vestan við Ormarsá, milli stöðva 6.300 og 20.800. Búið að keyra neðra burðarlagi á kaflann milli st. 27.000 og 29.000. Búið að steypa sökklana á Ormarsá og unnið við uppslátt á stöplum. Búið að setja upp vinnubúðir við Katastaði og hófust framkvæmdir þar í viku 49.	16.07.07	01.11.09
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir <i>Árni Helgason, Ólafsfirði</i> Verið að keyra út neðra burðarlagi þegar veður leyfir.	25.07.08	01.07.09

Norðaustursvæði, framhald	Samið:	Verklok:
05-035 Héðinsfjarðargöng, eftirlit <i>Geotek ehf.</i>	28.04.86	10.12.09
05-035 Héðinsfjarðargöng <i>Háfell ehf. og Metrostav a.s.</i>	20.05.06	10.12.09
07-005 Hringvegur (1), Ámótasel - Skjöldólfsstaðir <i>Héraðsverk ehf.</i> Verktaki er farinn af svæðinu. Búið er að stika veginn, setja upp aðvörunamerki og vegrið á ca. 1 km. Vinna liggur niðri fram á vor.	01.02.07	
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls <i>Suðurverk hf.</i> Verktaki er byrjaður að vinna við bergskeringar og fyllingar aftur eftir hlé sem hann tók í sumar..	05.02.08	01.10.09
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói <i>Suðurverk hf.</i> Vinna í fyllingum og neðra burðarlagi þegar veður leyfir. Vinnu við fyllingar er að mestu lokið. Búið að keyra út rúmlega helmingnum af burðarlaginu. Ljóst að ekki verður hægt að hleypa umferð á veginn í vetur.	20.12.07	01.11.08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss <i>Árni Helgason ehf.</i> Framkvæmdir hafa legið niðri um tíma en fyllingar eru komnar á 5,7 km	12.09.08	01.10.09
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka <i>Háfell ehf.</i> Verktaki er að vinna í berg og jarðvegsskeringum. Komið hefur í ljós að meira er af ónothæfu efni í vegsvæðinu en reiknað var með.	20.08.08	15.10.09
08-004 Dagverðareyjarvegur (816) Hringvegur - Helluland <i>G. V. Gröfur ehf.</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur	26.05.08	01.08.08
08-002 Hörgárdalsvegur (815) Björg - Skriða <i>Árni Helgason ehf.</i> Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki verður unnið við verkið í vetur	09.06.08	01.09.08

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeilda.  
Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:
	dagur, mánuður, ár
Ekki verður birtur listi yfir fyrirhuguð útboð fyrr en búið er að afgreiða nýja samgönguáætlun fyrir árið 2009	
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
08-084 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur	22.09.08 07.10.08
08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun	28.07.08 02.09.08
Samningum lokið	Opnað: Samið:

Ekki hefur verið samið um verk frá því síðasta blað kom út



Settir hafa verið upp fimm ljósastaurar við vegamót Eyrarbakkavegar 34 og Gaulverjabæjarveggar 33. Staurarnir eru eftirgefanlegir og eiga að valda minni skaða en aðrir staurar ef ekið er á þá. Áður var húið að útbúa vasa á aðalveginn og setja dropa í hliðarveginn. Staurarnir eru framleiddir af Lattix og uppfylla kröfur í staðli EN 12767 NE 100. Þeir eru úr áli og byggðir upp sem „gitter“ virki, sjá innfelda myndin. Þetta eru fyrstu staurarnir af þessari gerð sem settir eru upp. Þessar lagfæringar á vegamótunum eru kostaðar af fé til öryggisáðgerða.

## Samtals meðalumferð á 14 völdum talningastöðum á Hringveginum, árin 2005 - 2008

